



Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

Fundargerð

56. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 27. mars 2015 kl. 15:00 á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Mættir:

Reykjavík:

Hjálmar Sveinsson og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Sverrir Óskarsson og Ása Richardsdóttir

Hafnarfjarðarbær:

Guðlaug Kristjánsdóttir og Ófeigur Friðriksson

Garðabær:

Sigurður Guðmundsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir og Ólafur Ingi Óskarsson

Seltjarnarnesbær:

Stefán Bergmann

Kjósarhreppur:

Einnig sat fundinn Hrafnkell Á. Proppé, svæðisskipulagsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Formaður, Hjálmar Sveinsson, setti fund og stýrði.

1. Vaxtarmörk í landi Vatnsenda

Fyrir liggur afstaða Kópavogsbæjar um að taka undir framkomna athugasemd landeigenda um breytingu á legu vaxtamarka í landi Vatnsenda. Einnig liggur fyrir umfjöllun fagráðs, ásamt fylgigögnum, um athugasemdir vegna vaxtamarka í Vatnsenda.

Fagrád hefur fjallað um afstöðu Kópavogs og skoðað þrjár leiðir a) taka undir með Kópavogi, b) hafna afstöðu Kópavogs og c) fresta að svo stöddu, að taka afstöðu en lýsa yfir vilja til að skoða málið sem svæðisskipulagsbreytingu. Fagrád mælir með því að svæðisskipulagsnefnd velji annað hvort b eða c.

Framkvæmdanefnd og fagrád áttu fund þann 23. mars sl. Þar var niðurstaðan að reyna að gera breytingar á orðalagi c-liðs í umfjöllun fagráðs þannig að hann sætti betur ofangreind sjónarmið. Lögð var fram tillaga að breyttu orðalagi á c-lið sem tillaga að niðurstöðu svæðisskipulagsnefndar.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

2. Afgreiðsla endanlegrar svæðisskipulagstillögu til samþykktar sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010

Svæðisskipulagsnefnd samþykkti tillögu fagráðs að svörum við umsögn Skipulagsstofnunar á 55. fundi. Fyrir liggur tillaga fagráðs að svörum við öðrum umsögnum ásamt breytingarskjali.

Fjallað var um tillögur fagráðs að svörum við innkomnum athugasemdum. Einnig var farið yfir skjal sem dregur fram breytingar sem gerðar verða á auglýstri tillögu. Sverrir lagði til orðalagsbreytingu á svörum við athugasemd Grímsnes- og Grafningshrepps þess efnis að gera þyrfti betri grein fyrir loftgæðamælingum vegna áhrifa frá gufuaflsvirkjunum. Stefán Bergmann vék af fundi þegar rætt var um viðbrögð við athugasemdum um strandstíg á Seltjarnarnesi. Svæðisskipulagsnefnd telur að hægt sé að ljúka viðbrögð við öllum athugasemdum nema þeirri sem snýr að vaxtarmörkum í landi Vatnsenda.

Niðurstaða:

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

3. Þróunaráætlun 2015 – 2018, 1. áfangi

Hrafnkell Á. Proppé, kynnti drög að 1. áfanga þróunaráætlun 2015-2018. Hrafnkell greindi frá að haldinn hafi verið fundur með fulltrúum Samtaka iðnaðarins sem hafa verið að taka saman upplýsingar um stöðu byggingarmarkaðarins.

Niðurstaða:

Þróunaráætlun verða rædd á fundi fagráðs þann 30. mars og lögð til afgreiðslu í svæðisskipulagsnefnd að þeim fundi loknum.

Næsti fundur svæðisskipulagsnefndar verður haldinn föstudaginn 10. apríl kl. 15:00.
Fundir slitið kl. 17:15.